

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 268/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/114 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, metsúlfúrónmetýl, fosfan og pýraklóstróbín <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/115 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið dímoxýstróbín <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/116 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið oxamýl <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/149 frá 20. janúar 2023 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benflúralíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/223 frá 27. janúar 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 15.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 30.

nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(5)</sup>.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/199 frá 30. janúar 2023 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AT10, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/200 frá 30. janúar 2023 um að samþykkja ekki sítrónuilmkjarnaolíu (ilmkjarnaolíu úr *Citrus limon*) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/216 frá 1. febrúar 2023 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AGR2, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(8)</sup>.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafli II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32023 R 0114:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/114 frá 16. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 9),

– **32023 R 0115:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/115 frá 16. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 13),

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 32, 3.2.2023, bls. 5.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 22.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 26.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 30, 2.2.2023, bls. 7.

- **32023 R 0116:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/116 frá 16. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 15),
- **32023 R 0149:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/149 frá 20. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 30),
- **32023 R 0223:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/223 frá 27. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 32, 3.2.2023, bls. 5),
- **32023 R 0199:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/199 frá 30. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 22),
- **32023 R 0216:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/216 frá 1. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 30, 2.2.2023, bls. 7).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzzzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1429):

„13zzzzzzzzzzzzzzzf. **32023 R 0149:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/149 frá 20. janúar 2023 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benflúralíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 30).

13zzzzzzzzzzzzzzzg. **32023 R 0223:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/223 frá 27. janúar 2023 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 32, 3.2.2023, bls. 5).

13zzzzzzzzzzzzzzzh. **32023 R 0199:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/199 frá 30. janúar 2023 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AT10, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 22).

13ZZZZZZZZZZZZzi. **32023 R 0200:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/200 frá 30. janúar 2023 um að samþykkja ekki sítrónuilmkjarnaolíu (ilmkjarnaolíu úr *Citrus limon*) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 27, 31.1.2023, bls. 26).

13ZZZZZZZZZZZZzj. **32023 R 0216:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/216 frá 1. febrúar 2023 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Trichoderma atroviride* AGR2, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 30, 2.2.2023, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/114, (ESB) 2023/115, (ESB) 2023/116, (ESB) 2023/149, (ESB) 2023/223, (ESB) 2023/199, (ESB) 2023/200 og (ESB) 2023/216 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.